

# fréttablaði dagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS

4. febrúar 2011



**SVALA BJÖRGVINSDÓTTIR FANN ÁSTINA UNG**

Við rúmstokkinn • Topp tíu • Íslensk húsgögn • dellukerlingin • Grace Jones



## FRÁBÆRT FARTÖLVUTILBOÐ

### Toshiba Satellite C660D-10W

- 2.3GHz Mobile AMD V Series V140
- 2GB DDR3 1066MHz minni
- 250GB SATA harðdiskur
- 15.6" WXGA LED skjár
- ATI Radeon HD 4250 PCI-Express skjákort
- Kortalesari og vefmyndavél
- DVD og CD-RW skrifari
- Windows 7 Home Premium - 64-BIT

Kr. **77.950**

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGAR-  
KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á  
LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 •  
201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

**@tt.is**  
Allt tölvutengt á betra verði



## AIR-O-SWISS rakatækin

Bæta rakastig og vinna gegn:

- Slappleika og þreytu
- Höfuðverkjum
- Augnþurrki
- Astma

Auka vellíðan og afköst



Opið virka daga kl. 9 - 18 og á laugardögum kl. 11 - 16

Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



Verð 23.950 kr.



**LÍFLEGRI HÚÐ** Þessi töfratvenna frá L'Occitane inniheldur shea-hnetusmjör sem mýkir húðina og verndar fyrir kulda. Líkams-skrúbbið lífgar upp á húðina og kremið heldur henni mjúkri þrátt fyrir kulda og frost.

Shadow Creatures taka þátt í tískuvikunni í Kaupmannahöfn:

# SPENNT AÐ SJÁ VIÐTÖKURNAR

**S**ysturnar Edda og Sólveig Ragna Guðmundsdætur hanna saman undir nafninu Shadow Creatures. Hönnun þeirra þykir faguð og kvenleg og hefur vakið nokkra athygli hér heima. Systurnar eru í hópi þeirra íslensku fatahönnuða sem taka þátt í tískuvikunni í Kaupmannahöfn sem nú stendur yfir.

Þetta er í fyrsta sinn sem systurnar fara út á erlendan tískuviðburð sem þennan og að sögn Eddu stóðu þær í ströngu við að undirbúa brottförina. „Undanfarnar vikur erum við búnar að vera í því að redda kynningarefni, taka nýjar myndir af línunni, pakka og drekka allt of mikið af kaffi,“ segir Edda og hlær.

Íslensku hönnuðirnir fara út á vegum Íslandsstofu sem veitir þeim jafnframt einhverja fjárhagsaðstoð enda kostar þátttakan sitt. „Við erum mjög heppnar að komast að og með þessu erum við loksins að stíga okkar fyrstu skref í að markaðssetja merkið erlendis. Við erum mjög spenntar að sjá hverjar viðtökurnar verða. Það er mikið af útsendurum sem sækja svona sýningar þannig að það getur ýmislegt skemmtilegt komið út úr þessu.“

Aðrir hönnuðir sem taka þátt í CPH Vision-sölusýningunni eru Kron by KronKron, Sonja Bent, Kalda og Kurl Project. - sm



**Spenntar** Systurnar Edda og Sólveig Ragna Guðmundsdætur eru staddir í Danmörku þar sem þær taka þátt í tískuvikunni í Kaupmannahöfn. Edda segir þetta einstakt tækifæri til að kynna hönnun sína fyrir erlendum kaupendum.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

**SALON REYKJAVÍK**

PREYTT Á AÐ EYÐA OF MIKLUM TÍMA Í AÐ REYNA AÐ TEMJA HÁRIÐ? VILT ÞÚ SLÉTT, GLANSANDI OG "FRIZZ" LAUST HÁR EINS OG JENNIFER ANISTON?

**SALON REYKJAVÍK BYÐUR UPP Á NÝJA NATURA KERATIN SLÉTTUNARMEÐFERÐ SEM GEFUR MJÚKT, SLÉTT, HEILBRIGÐT, FALLEGT OG GLANSANDI HÁR. PANNTAÐU TÍMA Í FRÍA RÁÐGJÖF OG LEYFÐU OKKUR SÝNA ÞÉR HVAÐ VIÐ GETUM GERT FYRIR ÞIG OG ÞITT HÁR**

VERTU VELKOMINN SALON REYKJAVÍK GRANDAGARÐUR 5 101 REYKJAVÍK SÍMI: 56 85 305 OPNUNARTÍMAR VIRKA DAGA: 8 - 18 LAUGARDAGA 9 - 13



## Gríms fiskibollur

hollur kostur á 5 mín.



FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

## MEIRI HALLDÓR BALDURSSON

m.visir.is Fáðu Vísi í símann og iPad!

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísi.


visir.is

Rodarte fær mikið lof fyrir búningahönnun:

## Rodarte skapaði svarta svaninn

**M**ikið hefur verið fjallað um kvikmyndina The Black Swan sem skartar Natalie Portman og Milu Kunis í aðalhlutverkum. Myndin var nýlega tilnefnd til fimm Óskarsverðlauna, þar á meðal í flokknum Besta kvikmyndin.

Þó að myndin sé stórgóð halda tiskunnendur vart vatni yfir búningunum sem aðalleikkonurnar klæðast og þykja þeir stórglæsilegir. Það er tiskumerkið Rodarte, sem er stýrt af systrunum Lauru og Kate Mulleavy, sem sá um hönnunina og hafa þær hlotið mikið lof fyrir. Það er kannski engin furða að Rodarte hafi verið fengið til að sjá um búningana því sé haustlína þess fyrir 2010 skoðuð má sjá að hún einkennist af fallegum, flæðandi flíkum í anda ballettsins. - sm



**Rómántískt** Haustlína Rodarte þótti rómántísk og flæðandi. Tiskumerkið sá um búningahönnun fyrir The Black Swan. NORDICPHOTOS/GETTY

augnahlíkið



**SYKURSÆT** Þýska leikkonan Diane Kruger sótti Sidaction-galakvöldverðinn í París í þessum nammibleika kjól. NORDICPHOTOS/GETTY

## föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Umsjón Sara McMahon Forsíðumynd Anton Brink Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@365.is sími 512 5432 Föstudagur Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

# LOKA ÚTSÖLUVÖRUM SPRENGJA

20% AUKAAFSLÁTTUR  
AF ÚTSÖLUVÖRUM OG  
ÖLLUM NÝJUM VÖRUM\*

\* AUKAAFSLÁTTUR REIKNAST Á KASSA

the  
PIER

SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880





Emilio Pucci, vor 2011.

Heklaðar flíkur vinsælar næsta sumar:

# Hippalegt og sætt

Það er sagt að tískan gangi í hringi og hefur það reynt deginum sannara. Síðastliðinn áratug höfum séð tískustrauma á borð við bóhematísku, gruggið og nú síðast tíunda áratuginn ganga í endurnýjun lífdaga og fljótlega munu heklaðar flíkur í anda hippatískunnar bætast við sístækkandi listann. Heklaðir sumarkjólur, vesti og bolir voru á meðal þess sem sjá mátti á tískupöllumunum í haust.



Salvatore Ferragamo, vor 2011.

Emilio Pucci, vor 2011.



Rag & Bone, vor 2011.



Roberto Cavalli, vor 2011.

NORDICPHOTOS/GETTY

**TILBOÐ**

**SLOGGI MAXI 3 Í PAKKA**

Vönduð nærföt á tilboðsverði

**ÚTSÖLUSTAÐIR UM LAND ALLT**

**Á RÚMSTOKKNUM**  
Sigga Dögg kynfræðingur

## Afsalið að persónuvernd

Traust hlýtur að teljast hornsteinn hvers sambands, hvort sem um ræðir maka eða náinn vin. Traust byggist meðal annars á leyndarmálum. Ég treysti þér fyrir viðkvæmum upplýsingum um mig og þú heldur þeim fyrir þig. Traust snýst samt um fleira en leyndarmál og því þarf hvert par að skilgreina traust út frá því hvað er leyfilegt og hvað ekki. Þessi skilgreining hefur sjaldan verið jafn mikilvæg og nú á tölvutímum þar sem flestir eru nettengdir og æ fleiri sambandsslit má rekja til tölvunotkunar af ýmsu tagi.

Internetið færir okkur möguleikann á nafnleynd og nýrri persónusköpun. Þessi möguleiki getur verið kryddið sem vantaði í raunveruleikann, en er hann leyfilegur innan sambands? Nafnleyndin hefur ýtt mörgum pörum út í framanndi umræður um aðgang að rafrænni notkun hvors annars. Er óheftur aðgangur makans að fésbók, tölvupósti og farsímanum sjálfsgöður hlutur innan sambands?

Rannsóknir telja að í tæplega helmingi hjónabanda fylgist annar makinn laumulega með netnotkun hins. Í þeim hjónaböndum þar sem annar aðilinn njósnaði jukust líkurnar á að hinn gerði það líka og því eiga báðir aðilar það til að fylgjast leynilega með netnotkun hvors annars.

Kjarninn að réttlætingu margra sem gera kröfu um óheftan aðgang er leyndarmálin. Þör eiga víst ekki að leyndu einu fyrir hvort öðru. Ef maki neitar aðgangi að sýndarveröldinni ályktar hinn að slíkt stafi af því að þar sé eitthvað sem þurfi að fela. (Kannski er ágætt að taka fram að þeir sem ætla að halda framhjá og fela hluti fyrir maka sínum gera það þrátt fyrir óheftan aðgang að rafrænum samskiptum.) Þetta er gömul saga í nýjum búningi og snýst raunverulega um það hvort þar þurfi að deila öllum hugsunum og gjörðum.

Ég er á því máli að þar samanstandi af tveimur einstaklingum. Það er ekki eitt hjarta sem slær heldur tvö og þar með tveir heilar og tveir líkamar. Ég trúi því tæpast að einhver vilji vita allt um makann sinn og þá sem hann umgengst. Makinn á væntanlega í trúnaðarsamskiptum við vini sína, sem treysta að þeirra samskipti fari ekki til þriðja aðila. Með kröfum um óheftan aðgang að öllum upplýsingum er mögulega verið að setja vinasambönd undir smásjá. Að þessu gefnu finnst mér mikilvægt að þör semji reglur um þessa hluti sem báðir aðilar eru sáttir við. Ég held að óheftur aðgangur að rafrænum samskiptum ali af sér efasemdir og komi pari í vítahring vantrausts. Sum leyndarmál eru ómerkileg og öðrum óviðkomandi. Treystu mér, makinn þarf ekki að vita af hugleiðingum um sveitta íþróttamenn eða fyrrverandi skemmtistaðasleiki né röfli um útlitslega vankanta.

Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni. Netfangið er kynlíf@frettabladid.is

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

**MEIRI AFÞREYING**

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir.

m.visir.is  
Fáðu Vísi í símann og iPad!

**VÍSIR.IS**

• ENN MEIRI AFSLÁTTUR - ENN LÆGRA VERÐ •

# ÚTSALA

**30% AUKA AFSLÁTTUR**  
**AF ÖLLUM VÖRUM**

## ÓTRÚLEG VERÐ


Vara	Venjulegt verð	Outlet-verð	Útsöluverð
Puma hettupeysa dömu	11.990 kr.	7.990 kr.	<b>5.593 kr.</b>
Puma Velosis hlaupaskór	29.990 kr.	17.990 kr.	<b>12.593 kr.</b>
Speedo sundbolur dömu	9.990 kr.	6.990 kr.	<b>4.893 kr.</b>
Puma nærbuxur 2 í pk	4.990 kr.	3.490 kr.	<b>2.443 kr.</b>
Speedo sundskýlur herra	6.990 kr.	3.990 kr.	<b>2.793 kr.</b>
Puma First Round skór dömu	19.990 kr.	13.990 kr.	<b>9.793 kr.</b>
Speedo bikiní stelpu	6.990 kr.	3.990 kr.	<b>2.793 kr.</b>
Puma húfa barna	4.490 kr.	2.990 kr.	<b>2.093 kr.</b>
Zo-On brettaúlpa kvenna	33.990 kr.	19.990 kr.	<b>13.993 kr.</b>

**OPIÐ LAUGARDAG KL. 11-16**  
**OPIÐ SUNNUDAG KL. 13-17**

# SPORT OUTLET

Vínlandsleið 6-8 113 Reykjavík

Opið: Virka daga kl. 11-18  
Laugardaga kl. 11-16  
Sunnudaga kl. 13-17



## FRÆGÐINNI FYLGIR UM

**Söngkonan Svala Björgvinsdóttir hefur verið í sviðsljósinu frá barnsaldri. Hún býr nú og starfar í Los Angeles ásamt hljómsveitinni Steed Lord og kveðst ánægð með lífið þar.**

**Viðtal: Sara McMahon  
Ljósmyndir: Anton Brink**

Svala er dóttir stórsöngvarans Björgvins Halldórssonar og var ung að árum þegar hún steig sínu fyrstu spor sem söngkona. Þegar Svala er spurð að því hvernig það sé að eiga landsþekktan föður segist hún ekki þekkja annað. „Ég þæli voða lítið í því. Ég gerði mér enga grein fyrir því að pabbi minn væri þekktur þegar ég var mjög lítil, það var ekki fyrr en ég var orðin aðeins stálpaðri og farin að sjá pabba uppi á sviði á 17. júní að ég áttaði mig á því að hann væri frægur. Mér finnst hann ekkert öðruvísi en aðrir pabbar, hann er bara æðislegur,“ segir Svala og brosir.

Hún viðurkennir þó að frægðinni fylgi gjarnan illt umtal og það

er nokkuð sem Svala segist vera orðin sjóuð í. Sem barn þurfti hún að leiða hjá sér sögusagnir um föður sinn og nú um sig sjálfa. „Þetta var erfiðara þegar maður var barn, þá varð ég fyrir einelti. Eldri krakkar eltu mig heim úr skólanum og kölluðu hitt og þetta á eftir manni en ég held að þetta geri mann bara sterkari. Þegar fólk er í sviðsljósinu býður það eiginlega upp á að láta gagnrýna sig og maður verður bara að taka því eins og hverju öðru.“

Svala sagði aldrei neinum frá eineltinu og því vissu foreldrar hennar ekki að það hafði átt sér stað. Hún segist þó hafa átt góðar vinkonur í skólanum sem stóðu með henni allar sem ein. „Ég var heppin að eiga góðar vinkonur sem pössuðu upp á mig. Ég lenti í því mörgum árum síðar að ein stelpa sem hafði tekið þátt í eineltinu kom til mín og baðst afsökunar. Mér þótti mjög vænt um það.“

#### FULL ÞAKKLÆTIS

Svala á tvo bræður, hálfbróður sem heitir Sigurður Þór og yngri albróður sem kallaður er Krummi. Hún er sérstaklega nán yngri bróður sínum og segir hann nánast vera tvíbura sinn. Hún er einnig mjög nán foreldrum sínum og segist sakna þeirra mikið nú þegar

hún býr í Bandaríkjunum. „Sem betur fer er Skype til í dag,“ segir Svala brosandí og bætir við; „Ég skil eiginlega ekki hvernig ég fór að á meðan ég bjó þarna úti í kringum aldamótin, ekkert Skype og netið hægfara.“

Svala flutti fyrst til Los Angeles í kringum aldamótin eftir að hafa gert samning við útgáfufyrirtækið EMI. Að sögn Svölu var þetta frábært tækifæri fyrir unga söngkonu en hún segir suma fjölmiðla hér á landi hafa gert meira úr þessu en raun bar vitni. Hún var sögð vera næsta stórstjarna poppheimsins í íslenskum tímaritum. „Ég var nýútskrifuð úr menntaskóla þegar mér bauðst þessi samningur. Ég kýldi auðvitað á þetta og flutti út til að freista gæfunnar og lenda í ævintýrum. Mér fannst fjölmiðlar blása þetta upp og gera þetta að meiru en það var og ég man að sumar fréttirnar komu mér svolítið á óvart. Fyrir mér var þetta fyrst og fremst gríðarlegur skóli og mikið ævintýri, það var aldrei takmark mitt að „meika“ það og það er ekki heldur takmark okkar í dag.“

Lífið í Los Angeles heillaði Svölu og var hún harðákveðin í að flytja þangað einhvern tímann aftur og þá með kærasta sínum, tónlistarmanninum Einari Egilssyni. Árið 2009 létu þau verða af því og fluttu þá allir meðlimir Steed Lord yfir hafið og komu sér fyrir í Englaborginni. „Ég kann alveg ótrúlega vel við mig í Los Angeles og líður mjög vel þar. Hverfið sem við búum í er afslappað og svolítið hippalegt, þar eru engar Playboy-kanínur með sílíkonbrjóst og engir papparassar að elta fræga fólk. Þarna er líka mjög auðvelt að huga vel að heilsunni þar sem auðvelt er að nálgast lífrænan mat og aðra hollustu,“ segir Svala og á þar við ýmsa kvilla sem hrjá hana og aðra hljómsveitarmeðlimi eftir alvarlegt bílslys sem þau lentu í árið 2008. Áreksturinn var harður og slasaðist Einar, kærasti Svölu, svo illa að á tímabili var tvísýnt hvort hann mundi ná sér að fullu. „Ég slasaðist mjög illa í baki sem hrjáir mig ennþá og var einnig með alvarlega innvortis áverka og rifbeinsbrot. En það er ekki hægt að kvarta, þar sem við lifðum þetta öll af,“ segir Svala alvarleg í bragði. „Þetta er svakaleg lífsreynsla. Einar lá á sjúkrahúsi í næstum fjóra mánuði og ég man hvað það var sérstakt þegar við komum öll saman til að heimsækja hann, maður tengist fólkinu einhverjum órjúfanlegum böndum. En ég held að allir sem hafa upplifað eitthvað svipað geti verið sammála um það að maður lítur lífið aldrei aftur sömu augum. Maður er fullur þakklætis og einhvern veginn óhræddari við allt.“

#### FANN ÁSTINA UNG

Svala og Einar kynntust á unglingsaldri og man Svala nákvæmlega hvenær þau byrjuðu saman. „Það var 4. mars árið 1994. Ég var að spila á skemmtistaðnum Ingólfskaffi með hljómsveitinni Scope, hann var í áhorfendalnum. Þar byrjuðum við saman fyrst,“ segir hún og skellir upp úr. Þau hafa verið saman alla tíð síðan, fyrir utan nokkur stutt hlé

þegar þau voru bæði í Kvanna-skólanum í Reykjavík, og kennir Svala kjánaskap þar um.

Í Einari segist Svala hafa fundið sálufélaga sinn og sinn besta vin, sem kemur sér vel því parið eyðir nánast öllum

sínum tíma

saman. „Við Einar erum miklir vinir og það mætti eiginlega segja að við höfum alist upp saman því við byrjuðum saman svo ung. Eftir bílslysið vissi ég ekki hvort hann myndi lifa af og ég man að ég sat og lofaði sjálfri mér að fara aldrei frá honum ef hann næði sér. Ég er svo óendanlega þakklát fyrir að hafa hann hjá mér núna.“

Þótt þau séu miklir vinir viðurkennir Svala að það komi fyrir að þau rífast en að þau passi upp á það að fara aldrei að sofa ósátt. Hún segir jafnframt að mörg af þeirra bestu lögum hafi orðið til í kjölfar rifrilda og því séu þau ekki alslæm. „Við rífumst og rökræðum mjög oft en oftast eru rifrildin aðeins um smávægilega hluti. Einar segir að ég sé eins og raketta, ég er fljót upp en kem niður með priknu,“ segir hún og hlær.

#### RÁÐA SÉR SJÁLF

Svala hyggst dvelja áfram í Bandaríkjunum um óákveðinn tíma og segir að spennandi tímar séu fram undan hjá hljómsveitinni. Krakarnir eru með eigið útgáfufyrirtæki sem gefur út plötur þeirra auk þess sem þau framleidda sjálf öll tónlistarmyndbönd sín, sjá um alla markaðssetningu og hanna sviðsbúninga sína sjálf. Svala segir það mikil forréttindi að geta sinnt tónlistinni á eigin forsendum. „Mér finnst ekki gaman að vera í einhverjum þóknunarleik og þurfa að gera öllum til geðs, eins og var tilfellið þegar ég var á mála hjá EMI. Það er æðislegt að geta samið tónlist á eigin forsendum,“ segir hún.

Hið nýja tónlistarmyndband vinna þau í samstarfi við vinkonu þeirra, danshöfundinn Sonyu Tayeh, sem er einn danshöfunda þáttarins So You Think You Can Dance. Tayeh hafði upphaflega samband við Steed Lord til að fá leyfi fyrir því að nota eitt laga hljómsveitarinnar í sjónvarpsþættinum og koma á samstarfi og upp frá því tókst með þeim vinskapur. „Hún er ótrúlega hæfileikarík og það er æðislegt að fá tækifæri til að vinna með henni.“



**Dior dagar í Lyfjum og Heilsu Kringlunni, föstudag og laugardag.**

Sérfræðingur frá Dior kynnir glæsilega vorliti.

Falleg gjöf fylgir kaupum. Verið velkomin.

**Lyf & heilsa**  
Kringlunni



## MTAL

## Nýtur lífsins í Los Angeles

Svala Björgvinsdóttir býr og starfar í Los Angeles ásamt hjómsveit sinni, Steed Lord. Hún kann vel við sig í borginni og segir lífið þægilegt og afslappað.

myndaalbúmið



Þarna er ég tveggja ára gömul og nýkomin úr klippingu hjá fimm ára gömlum frænda mínum, Reyni Garðari. Svaka fin. Mamma fékk áfall.



Ég og mamma á afmælinu mínu í fyrra í Los Angeles. Frábært kvöld með bestu mömmu í heiminum.

Ég er svo mikil pabbastelja. Þessi mynd var tekin þegar pabbi var að láta taka myndir af sér fyrir forsiðuviðtal, ég held ég sé fimm ára þarna.



Þarna erum við Krummi, bróðir minn, í Suður-Frakklandi með foreldrum okkar. Ég er níu ára og hann er sjö, við vorum algjörar samlokur, eins og tvíburar, og alltaf saman.

## Signatures Of Nature

-náttúrulegar og lífrænar snyrtivörur

Naturescent línan okkar hefur **ECOCERT** gæðastimpil, **ECOCERT** er vottun stofnunar fyrir lífrænt **ECOCERT** er skuldbundið til að koma á trausti og trú á milli viðskiptavina og neytenda á lífrænum markaði.

**HÚÐVÖRUR án allra PARABENA**  
**NÝTT**  
**MINERAL MAKE UP**



Þórunn Birna Guðmundsdóttir, Nálastungusérfræðingur, jurtaráðgjafi, næringarþerapisti, nuddari

Nature scent vörurnar frá Signatures of Nature eru í algeru uppáhaldi hjá mér. Þær eru allar úr náttúrulegustu hráefnum og aromatherapíu olíum og unnar á náttúrulegan máta sem er algert skilyrði nr. 1 fyrir mig og mína viðkvæmu húð.


Sem jurtaráðgjafi og nálastungusérfræðingur, er ég stöðugt á höttunum eftir bestu vörum hverju sinni og geri miklar kröfur um gæði og vinnslu og að allt sé eins náttúrulegt og hægt sé.

Nature scent vörurnar uppfylla öll mín skilyrði og svo er líka alger unun að opna hverja krukku eða flösku fyrir sig því ilmurinn af olíunum senda mann í þvílíka slökun og draumaheim. Nú get ég tekið fríð og dekið með mér heim án samvisku og með öryggistilfinningu yfir aukinni vellíðan og bættri húð.

Verslun okkar er í Smáralind 2. hæð við D-inngang | sími 511-10-09

[www.signaturesofnature.is](http://www.signaturesofnature.is)

PRETTIABLAÐIÐ VILHELM



**HÚFA** Rússahúfan mín er fullkomin á veturnar. Ég keypti hana úti í Téklandi þegar ég var tvítugur að ferðast á Interrail-i.

**TOPP 10**

**DAVIÐ BERNDSEN, 25 ÁRA, tónlistarmaður**

Tónlistarmaðurinn Davíð Berndsen er uppalinn í Vesturbænum og hefur búið þar alla sína ævi. Hann segist hreinlega ekki geta ímyndað sér að búa annars staðar enda hafi Vesturbærinn allt; besta ísinn, knattspyrnufélagið KR, líkamsrækt, hljóðverið hans, vinina og svo er miðbærinn aðeins í nokkura mínútna fjarlægð.



**HLJÓMBORÐ** Litla dótahljómborðið sem Edward Cook vinur minn gaf mér til að nota í myndbandinu við Lover in the Dark. Gríp reglulega í það þegar ég fæ einhverjar hugmyndir.



**STEINAKARL** Steinkarl af mér úr myndbandinu Supertime sem amma mín í Hrísey bjó til handa mér. Þessi karl er í miklu upphaldi og er ávallt með mér í stúdíóinu.



**GÍTAR** Mini Fender-gítarinn minn er bara svo krúttlegur! Einn daginn ætla ég að kaupa slíkan gítar í stærri kantinum.



**TAFLBORÐIÐ** Ég hef verið að kenna bróður mínum og pabba hvernig eigi að tefla betur. Þeir eru allir að koma til.

**SÍMI** Nýi síminn minn er alveg gjörsamlega málið. Hann er með netið og meira að segja GPS! Þannig að ég mun aldrei týnast og mér mun aldrei leiðast.



**GÍTAR** Gibson Les Paul-gítar frá árinu 2000, eða Pállinn eins og ég kys að kalla hann. Sumarið sem ég var 17 ára safnaði ég mér fyrir þessum gítar og ég er nokkuð viss um að þessi dýrgripur mun fylgja mér alla ævi.

**PLATA** Benjamin - Over, plata sem er í upphaldi þessa dagana hjá mér. Ég met hana mikið því ég og félagi minn, Friðfínnur, tókum hana og graejuðum.

**SÓGLER-AUGU** Bleiku töffarasógleraugin mín. Hvað get ég sagt? Þau eru bleik og nöttuð!



**PEYSA** Hjartaullarpeysa sem Nína frænka gerði. Hún er bleik og flott og súper hlý. Tala ekki um á tónleikum, þá verður maður fyrst sjóðandi heitur.

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

**LOKADAGUR Á MORGUN**

Borðstofuhúsgögn **Nýjar sendingar**

Hvíldarstólar **Nýjar sendingar**  
Eitt mesta úrval landsins af hvíldarstólum

Sófar **Nýjar sendingar**  
Hornsófar  
Sófasett  
Svefnsofar **Ný sending frá Italsófa**

**Útsala**  
afsláttur af öllum vörum í versluninni  
Komdu og gerðu frábær kaup!




**skovby**  
Excellent Quality Furniture  
Afar vönduð dönsk húsgögn - Mikið úrval

**Val húsgögn**  
Ármúla 8 - 108 Reykjavík  
Sími 581-2275 ■ 568-5375  
Opíð virka daga kl. 10-18 **Laugardag kl. 11-16**

www.valhusgogn.is



**DELLU**  
kellingin

Brynja Pétursdóttir:

**Dans er ástríða**

**ALDUR:** 26 ára

**STARF:** Danskennari, grafískur hönnuður og eigandi fatalínunnar Boogie Down Reykjavík.

**HVAÐ HEFUR ÞÚ STUNDAÐ DANS LENGI?** Ég hef dansað síðan ég man eftir mér. Dans hefur alltaf verið ástríða.

**AF HVERJU BYRJAÐIR ÞÚ?** Ég hef ekki hugmynd. Ég man bara eftir mér með milljón spólur fullar af hiphop/RnB/soul-myndböndum, leggjandi hverja hreyfingu á minnið þannig að þegar ég heyrði lögin aftur mundi ég textann og hvað dansarinn eða söngvarinn var að gera. Mér fannst ekkert eins skemmtilegt.

**HVAÐ ER ÞAÐ BESTA VIÐ DANSINN?** Dans er mesta frelsi sem ég hef kynnst. Það er ekkert eins og að skapa með þínum eigin líkama.

**ER ÞETTA DÝRT ÁHUGAMÁL?** Já. Ég fer út að læra einu sinni til tvisvar á ári og er í því að reyna að vinna traust bankans míns á ný.





Furnibloom er meðal annars hægt að nota sem gróðurhús. MYND/ÚR EINKASAFNI

Íslenskir hönnuðir og arkitektar til Stokkhólms:

## Íslensk húsgögn í Sunday Morning

Íslenskir hönnuðir og arkitektar mæta til leiks á kaupstefnunna Stockholm Furniture Fair og hönnunarvikuna Stockholm Design Week sem hefjast eftir helgi í Stokkhólmi. Mörg tækifæri geta falist í þátttöku enda er hátíðin ein sú stærsta



Dagný Bjarnadóttir

sinnar gerðar í Evrópu og oftar en ekki líkleg til að vera stökkpallur fyrir hönnuðina út í heim. Meðal þeirra sem sýna á sýningunni er Dagný Bjarnadóttir landslagsarkitekt en húsgögn hennar, Furnibloom, hafa vakið mikla athygli erlendis. Um miðjan janúar síðastliðinn sýndi bandaríska sjónvarpsstöðin CBS húsgögn Dagnýjar í einum sínum stærsta dagskrárliði, Sunday Morning.

„Ég veit ekki alveg hvernig þau hjá CBS rákust á húsgögnin en þau höfðu samband við mig til að fá nánari upplýsingar áður en að sýningu kom,“ segir Dagný, en húsgögnin hafa einnig birst í erlendum tímaritum og bókum. Þrátt fyrir það er sýningin í Stokkhólmi sú fyrsta sem Dagný tekur þátt í sem er sérstök húsgagnasýning.

„Jú, auðvitað vonar maður að þetta verði stökkpallur til þess að fá húsgögnin í sölu erlendis. Ég kynnti Furnibloom í fyrsta skipti árið 2007 á sýningu á Kjarvalsstöð-

um og síðan þá hafa húsgögnin verið sýnd víða.“

Dagný segir að nú sé komið að þessum þætti í þessu ferli; að reyna að koma Furnibloom í framleiðslu. Sýningin í Stokkhólmi er orðin mjög þekkt og gott tækifæri opnast þar fyrir hönnuði að ná til stærri kanóna í hönnunarheiminum, sem taka einstaka hönnun og hönnuði gjarnan undir sinn væng.

Með Dagnýju á bás verða Sýrson, Lumex/Lighthouse og Arkiteo. Auk þess setur Hönnunarmiðstöð Íslands upp farandsýninguna Icelandic Contemporary Design sem var fyrst opnuð í Reykjavík árið 2009 en þar eiga rúmlega tuttugu hönnuðir og arkitektar verk. Hönnunarmiðstöð var sérstaklega boðið að setja sýninguna upp í Stokkhólmi. Þar á Dagný einnig hlut að máli því hún er meðal þeirra hjá ráðgjafarfyrtækinu Landslagi sem stóðu að verkefninu Snjóflóðavarnir á Siglufirði.

Auk þessa má nefna að Aurum opnar sýningu á skartgripum og borðbúnaði í hinu virta hönnunargalleríi Gallery Pascale og iðnhönnuðurinn Sigga Heimis tekur þátt í samsýningu um tuttugu virtra hönnuða í Biologiska Museet.

- jma

Furnibloom-húsgögnin eru úr plexigleri, kollar og borð, sem setja má ýmislegt inn í.



FRÉTTAHLAÐI/ANTON

# Vilt þú auka lífsgæðin?

Ný námskeið hefjast 7. febrúar!

## Námskeið - Heilsulausnir:

### 16-25 ára

Heilsulausn 1 hentar ungu fólki, 16-25 ára, sem glímir við ofþyngd eða einkenni frá stoðkerfi. 12 vikur, árs eftirlit. Mán, mið, fös kl. 18.30.

### Einkenni frá stoðkerfi

Heilsulausn 2 hentar þeim sem glíma við einkenni frá stoðkerfi svo sem bakverki, eftirstöðvar slysa eða gigt. 8 vikur. Mán, mið, fös kl. 13.00.

### Offita/Hjartasjúkdómar

Heilsulausn 3 hentar þeim sem glíma við offitu, hjartasjúkdóma og/eða sykursýki. 12 vikur, árs eftirlit. Mán, mið, fös kl. 15.00 og 18.30.

Í Heilsuborg starfa m.a. læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkrapjálfarar, næringarfræðingar, sálfræðingar og íþróttfræðingar



### ZUMBA

Dansaðu þig í form með einföldum sporum og skemmtilegri tónlist. Mán og mið kl. 12.00 - 17.30. 4 vikur.

### Stafaganga

Góð alhliða þjálfun 1x í viku utandyra. Fyrsti tíminn lau 12. feb kl. 09-11. Næstu fjórir timar: þri kl. 17.30-18.30

### 60+

Leikfimi fyrir 60 ára og eldri. Einfaldar æfingar, aðhald, stuðningur og góður félagsskapur. Mán og mið kl. 11.00. 4 vikur.



HEILSUBORG

Þegar þú vilt fá það besta út úr lífinu!

Faxafeni 14 - Sími 560 1010

www.heilsuborg.is

heilsuborg@heilsuborg.is

## Kolsvört jeppadekk - sniðin fyrir íslenskar aðstæður!

Gæðadekk á flestar gerðir jeppa og jepplinga Stærðir 29-44"



Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | www.arctictrucks.is



AT405 RADIAL

38" dekkið

Loksins aftur fánlegt!

Dekkjaverkstæði á staðnum ENGIN BIÐ!

Við bjóðum frábært verð

Umfelgun á fólksbíl 5490.- á smájeppa 6490.-

Til eldri borgara:

Umfelgun á fólksbíl 4900.- Umfelgun á smájeppa 5900.-



Borgartún 36 | 105 Reykjavík | Sími: 588-9747 | Fax: 588-9722 | verslun@vdo.is

## Viltu læra förðun?

Viltu læra á hágæða vörur frá Bobbi Brown? Komdu þá í Make up skóla Beautyworld



Nýtt námskeið hefst 7. febrúar

www.beautyworld.is • Sími 510 8080

BEAUTY WORLD



**Tiskufyrirmynd**  
Grace Jones hefur alltaf farið sínar eigin leiðir og hefur fyrir vikið jafnan vakið mikla eftirtekt.



Fimm hlutir sem þú vissir ekki um:

# Grace Jones

Söngkonuna Grace Jones þekkja flestir, enda var hún ein af tiskufyrirmyndum níunda áratugarins. Jones þótti djörf og einstök í klæðavali og elti ekki tiskustrauma líkt og aðrir heldur fór sínar eigin leiðir.

- Grace Jones fæddist á Jamaíku árið 1948 en flutti með fjölskyldu sinni til New York árið 1968 og hóf þá nám í leiklist áður en hún fór að vinna fyrir sér sem fyrirsæta.
- Hún var ein af músum listamannsins Andy Warhol sem myndaði hana í gríð og erg í lok áttunda áratugarins.

- Jones var eitt sinn trúlofuð sænska vöðvatróllinu Dolph Lundgren. Hún átti einnig í stuttu ástarsambandi með ofurfyrirsætunni Janice Dickinson.
- Jones á einn son, Paulo, sem hún eignaðist með grafíska hönnuðinum Jean-Paul Goude, en hann vann lengi sem persónulegur stílisti Jones og á heiðurinn að mörgum af hennar athyglisverðustu búningum.
- Jones lék á móti Arnold Schwarzenegger í kvikmyndinni Conan the Destroyer árið 1984.



## Síðustu dagar útsölnunar

ENN MEIRI VERDLÆKKUN



Dalvegí 18, Kóp. - Sími 568 6500 - www.fondra.is  
Opíð 10-18 virka daga, laugardaga 11-16

## EasyTone skórnir frá Reebok eru komnir í Steinar Waage.

### Hvernig vinna EasyTone?

Tækni byggð á jafnvægisboltum þar sem hreyfing á lofti býr til örlítið ójafnvægi sem mótar og styrkir rass og læri í hverju skrefi.

Nánar á reebok.is

Reebok

STEINAR WAAGE  
SKÖVERSLUN



# Fallegur fatnaður



Verð: 29.900  
Stærðir: 36-44

Verð: 39.900  
Stærðir: 36-44



Verð: 14.990  
Nú: 5.000



Verð: 9.990  
Nú: 3.000

## Stíll

Laugavegi 58  
Sími 551 4884



Verð: 15.900  
Stærðir: 36-44

## MOMO

Laugavegi 42  
Sími 552 1818



Verð: 15.990  
Nú: 5.000



Verð: 17.990



Verð: 22.900  
Stærðir: 36-41

## Central

Síðumúla 3 Sími 481 2200



Verð: 12.990



Verð: 16.990

## BIANCO

Kringlan  
Sími 533 2130



Verð: 13.500  
Stærðir: 36-41



Verð: 22.900  
Stærðir: 36-41




## YFIRHEYRSLAN

**Diljá Ámundadóttir, framleiðandi hjá CCP og varaborgarfulltrúi fyrir Besta flokkinn.**

**Háir hælur eða flatbotna skór:** Ég var áður fyrir alltaf í flatbotna skóm. En svo er eins og ég hafi vaknað einn daginn sem háhælakona og hef verið á þeim síðan.



**Ómissandi í snyrtibudduna:** Púður, augnblyantur og maskari. Ég er mjög fastheldin á vörumerki þegar kemur að öllu nema maskara. Leitinn að hinum fullkomna maskara stendur enn yfir.



**Uppáhaldslisturinn:** Dökk-túrkisblár.

**Hver eru nýjustu kaupin?** Ég keypti mér E-label samfesting fyrir áramótin.

Ég var því í raun uppáklædd í þægilegum jogginggalla á gamlárskvöld. Var svo með þverslaufu og pípuhatt sem smellpassaði við.



**Hvað dreymir þig um að eignast?** Mig dreymir um að vera flott í pels. Hef örugglega mátað tugi pelsa síðastliðin ár en hef aldrei fundið þann eina rétta.

**Hvaða lag kemur þér í gott skap?** Pata Pata með Miriam Makeba.

**Uppáhaldshönnuðurinn:** Ég er virkilega ánægð með hvað íslensk fatahönnun er vinsæl um þessar mundir. Þá er ég að tala um svona vörur sem fást til dæmis í Pop Up verslun en ekki þæfð ull og þurrkað fiskiroð.

**Uppáhaldsdrykkurinn:** Martini, sóða, límóna, klakar og rör og ískalt kampa-vín í lítilli flösku, drukkið með röri.



# FEBRÚAR TILBOÐ

## NÝR 4BLS BÆKLINGUR STÚTFULLUR AF TILBOÐUM

**FEBRÚAR TILBOÐ**  
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í ALLT AÐ 6 MÁNUÐI

**0% VEXTIR**  
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 6 MÁNUÐI

**500GB**  
LACIE FLAKKARI

**1TB**  
LACIE FLAKKARI

**2TB**  
LACIE FLAKKARI

**9.990**  
FRÁBÆR FLAKKARI FRÁ LACIE

**19.900**  
1TB 12.900 • 1.5TB 16.900

**49.900**  
HVERGI BETRA VERÐ!

**9 TÍMAR**  
HVER NÝJSTU RAÞFLÓÐUERNI  
SÍÐLADA ENDIST Í 9 TÍMUM

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabreytingar

**OPNUNARTÍMAR**  
Virka daga  
10:00 - 18:30  
Laugardaga  
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer apple ASUS hp lenovo MSI packard bell SONY TOSHIBA

# FACTORY OUTLET

Fákafeni 9 S. 660-1754

# 50%

Síðustu dagar

afsláttur